

Steinunn Haraldsdóttir

„Ég má með engu móti missa þig“

Vinátta Tómasar Sæmundssonar og Jónasar Hallgrímssonar eins og hún birtist í bréfum þeirra

1. Inngangur

Stundum er sagt að á menntaskólaárunum, þegar menn eru að mótast og þroskast, verði til vináttubönd sem endast ævina út. Það sannaðist á þeim Tómasi Sæmundssyni (1807-1841) og Jónasi Hallgrímssyni (1807-1845). Þessir tveir einstaklingar, báðir umdeildir í lifanda lífi en taldir með þjóðhetjum af seinni kynslóðum, voru bestu vinir. Skapgerð þeirra var þó ólík og fljótt á litið gætu þeir virst ólíklegir til vinskapar, Tómas ákafur, fyrirferðarmikill, óþolinmóður og stjórnSAMUR, Jónas öllu dulari, hæglátari og viðkvæmari. En þeir höfðu báðir afar sterka sannleiksást, óbeit á öllu falsi og lygi og vildu sjá kjarna hlutanna og þeirra rétta eðli og það treystu þeir á hvor hjá öðrum. Hugsjónirnar og föðurlandsástin tengdu þá að sjálfsögðu einnig saman. Í þessu erindi ætla ég að skoða vináttu þeirra eins og hún birtist í bréfum þeirra og öðrum skrifum. Til eru 20 bréf frá Tómasi til Jónasar, frá árunum 1827 til 1841. Aðeins tvö bréf frá Jónasi til Tómasar eru til, eitt frá 1828, annað 1829. Tómas verður því óhjákvæmilega í forgrunni. Erfiljóð Jónasar um Tómas og æviágrip sem hann skrifaði um hann í *Fjölni* og ýmis brot önnur, segja okkur þó sitthvað um hug Jónasar til einkavinar síns, eins og hann kallaði Tómas. Til hliðsjónar er gott að hafa helstu æviatriði þeirra félaga og „snertifleti“ í tímaröð.

Tómas Sæmundsson fæddur 1807

Sest í Bessastaðaskóla haustið 1824 í efri bekk.
Útskrifast úr Bessastaðaskóla 1827.
Siglir til Hafnar í ágústmánuði 1827.
Lýkur embættisprófi í guðfræði 17. jan. 1832.
Heldur í Evrópureisuna 7. júní 1832.
Kemur úr reisunni til Khafnar 16. maí 1834 og slæst í félagsskapinn um útgáfu *Fjölnis*.
Siglir til Íslands í ágúst 1834, fær Breiðabólstað.
Segir sig úr ritstjórn *Fjölnis* 1838.
Gefur út *Fjölni* 1839 á eigin vegum.
Deyr 17. maí 1841.

Jónas Hallgrímsson fæddur 1807

Sest í Bessastaðaskóla 1823, í neðri bekk.
Veturinn 1826-1827 í efri bekk.
Útskrifast úr Bessastaðaskóla 1829.
Siglir til Hafnar og hefur nám haustið 1832.
Kemur til Íslands í náttúruvísindaleiðangur sumarið 1837, fer um Suðurland og er í þrjár vikur á Breiðabólstað hjá Tómasi.
Lýkur lokaprófi í náttúrufræði 1838.
Er á Íslandi frá vori 1839 og fram yfir 1841 þegar Tómas lést en ekki eru til heimildir um að þeir Tómas hafi hist þennan tíma.
Deyr 26. maí 1845.

2. Frá Bessastaðaskóla til Hafnar

Tómas Sæmundsson og Jónas Hallgrímsson voru 17 ára þegar þeir kynntust í Bessastaðaskóla árið 1824 og tókst strax góð vinátta á milli þeirra. Jónas hafði komið í skólann árið áður og sat í neðri bekk en Tómas settist strax í efri bekk. Þeir voru báðir áhugasamir um sögu Íslands, um skáldskap og bókmenntir, og fylgdust með nýjustu straumum í vísindum og stjórnmálum. Sá tími sem þeir voru saman í skóla var þrjú ár og þar af sátu þeir einn vetur í sama bekk. Tómas sigldi strax til Hafnar eftir útskrift og þá hefjast bréfaskipti þeirra vinanna. Eins og gengur voru þau uppfull af fréttum um þá sjálfa og sameiginlega kunningja, og beiðnum um ýmsa snúninga. Jónas biður t.d. Tómas um að útvega sér „himingloba“, púða, kasketi og hanska og Tómas sendir Jónasi bækur til að selja fyrir sig og í einu bréfi er nefndur til sögunnar pakki með sokkaplöggum sem sendur er yfir hafið og á að komast í Eyvindarholt: „það eru sokkar, sem móðir mín á að gera neðan við“.¹ Fyrir viðvikið segir Tómas Jónasi að eiga bók sína eftir Rabener, sem var þýskur rithöfundur sem skrifaði m.a. satýrur. Jónas hefur metið þessa gjöf mikils, eins og lesa má úr bréfi Tómasar þar sem Tómas vitnar í bréf frá Jónasi þar sem hann þakkar fyrir sig.

Pú segist taka Rabener fyrir vinargjöf; þar gerir þú betur en ég hafði tilætlast; ég gaf það eins og drengur gefur dreng, en hefði annars látið innbinda hann í rautt saffían og gylla í sniðum; vinargjöfin er vininum líkust, sem hana útilét; að hún stendur við síðu Ossíans er gott.²

Bréfaskiptin eru þeim báðum mikilvæg, það er greinilegt að þeir eru trúnaðarvinir og treysta hvor öðrum. Í fyrsta bréfi Tómasar til Jónasar úr Höfn segir hann: „Þú ert skyldur til að skrifa mér því lengra en öðrum, sem ég nú met þig meir og kringumstæður mínar eru skrítlegrí.“³ Föðurlandsást Tómasar vex við veruna í útlöndum og skemmtilegur kafli er í bréfi hans til Jónasar frá árinu 1828:

En – ég skil ekki í því sjálfur – það er eins og mér finnst ekki neitt til þessa koma af því það er hérna. Ég sé að sönnu, að alt er hér betra og þægilegra, þegar peninga ekki skortir, og þá skortir ekki skaðlega, þegar maður hefir fengið embætti, en ég hefi samt svo mikla löngun til að finna kerlinguna hnarreistu heima, hana móður okkar; ég vil heldur lifa í sulti og seiru í kaföldunum þar, en í þessari Paradís eða réttara í þessum glaumi og skarkala – í þessu ólguhafi, hvar óbilugustu klettarnir, sem maður ætlar að grípa í og halda sér fast um, þegar í ramman rekur, falla um koll og svíkja mann við minsta iðukast; nei hér vil ég ekki vera! Mér leiðist að heyra ýlfrið úr kerlingunum, vagnaskröltið, mér leiðist að heyra þetta barbariska mál alt um kring mig og geta aldrei brúkað mitt, nema einstöku sinnum á meðal landa, sem ég þá fæsta get liðið. [...] Nei, ég vil hafa stúlkurnar heima og gleðja mig þar meðal góðra kunningja, þín og annarra, sem

¹ *Bréf Tómasar Sæmundssonar*, bls. 41.

² *Sama heimild*, bls. 40.

³ *Sama heimild*, bls. 20.

fósturjörðina elska, og ég vonast til, ég lifi mikið ánægðari ef ég get gert henni dálítið gagn. [...]”⁴

Tómas vill fá löng og góð bréf, ekki stutta seðla eins og þá sem hann fær eitt sinn frá Jónasi sem voru „með þurrasta slag, já, eins og þeir hefðu hangið í reyk og svælu.“⁵ Hann ákveður að svara í sömu mynt og sendir mjög stuttaralegt bréf til Jónasar. Það snarvirkar, því lesa má úr næsta bréfi Tómasar að Jónas hafi skrifað honum ergilegur til baka um hvað þetta eigi að þýða, hvort Tómas sé orðinn leiður á útréttingum fyrir sig eða hvað? Tómas svarar og segir að Jónas hafi væntanlega búist við betra bréfi frá sér „vegna [þess] að við *erum* vinir“.⁶ Eftirskriftin við bréfið er svona: „Þegar ég er að slá utan um bréfið fæ ég bréf tvö frá Íslandi, en ekkert frá þér, lettinginn!“⁷ Vinir, eins og þeir tveir séu, eigi að skrifa betri bréf. Tómas hefur háar hugmyndir um vináttu og í eðli hans er að vera ætíð trúfastur vinum sínum og hann væntir þess sama frá öðrum. Hann er mjög kröfuharður á vini sína eða eins og hann segir í einu af fyrstu bréfunum „en ég er svo vandur við alla og verstur við þá sem mér er bezt við.“⁸ Jónas fær að kenna á því, því Tómas ætlast sérstaklega til mikils af honum.

Í fyrstu bréfunum ræðir Tómas námið ytra í smáatriðum og gefur Jónasi góð ráð, ráð sem Jónas virðist hafa beðið um sjálfur, um hvað sé hyggilegast að hann leggi mesta stund á heima með framhaldsnám í Kaupmannahafnarháskóla í huga. Jónas hefur ætlað sér út og Tómas gleymir því ekki, hann minnir hann á það sí og æ og notar hvert tækifæri til að hvetja hann til að koma út til sín. Hann nefnir t.d. í einu bréfi að hann sé að safna sér upp í biblíótek og þetta sé orðið vænsta safn: „komdu að sjá það, karl!“⁹ Hann gefur honum líka góð og praktísk ráð um hvernig Jónas geti útvegað sér fé til utanfarar og í stuttri reisu sem Tómas gerði til Íslands sumarið 1829 en hitti að vísu ekki Jónas, ræðir hann við mág Jónasar í Öxnadal og hvetur hann til að styrkja Jónas til náms.¹⁰ Þetta er Tómasi kappsmál því hann hafði geysimikla trú á gáfum og hæfileikum Jónasar. Hann var til dæmis búinn að sjá út í hvaða sæti Jónas ætti að setjast í fyllingu tímans; stöðu Finns Magnússonar prófessors og leyndarskjalavörðs konungs. „Ég ætlaði að gera þig að stórum manni, Jónas!“ segir hann í bréfi frá 1830.¹¹ Hér úti þurfi ekki annað en að grípa hugmyndirnar og gera eitthvað úr þeim, segir hann. „Þú ert sá sem bezt ert lagaður til að gera það svo, að hólminn okkar geti haft sóma af.“¹² Þessi orð eru lýsandi fyrir eldmód

⁴ *Sama heimild*, bls. 46-48.

⁵ *Sama heimild*, bls. 74.

⁶ *Sama heimild*, bls. 74.

⁷ *Sama heimild*, bls. 81.

⁸ *Sama heimild*, bls. 47.

⁹ *Sama heimild*, bls. 38.

¹⁰ *Sama heimild*, bls. 63.

¹¹ *Sama heimild*, bls. 75.

¹² *Sama heimild*, bls. 75.

Tómasar og ákafa – það eina sem þarf er að grípa hugmyndirnar og framkvæma þær. Tómas var alla tíð maður framkvæmdanna og þoldi illa tómmt tal um það sem ætti og mætti verða, hann vildi sjá áþreifanlegan árangur.

Tómas verður fljótt óþolinmóður yfir því hvað það tekur Jónas langan tíma að koma út til Danmerkur. Í bréfi frá árinu 1831 sakar hann Jónas um að taka enga áhættu, hann láti áhyggjur af peningum stöðva sig meðan aðrir stökkva út.

Þú hefir nú dregið ferð þína hingað svo lengi, að þú ert nú farinn að eldast nokkuð [24 ára] og, hvað verst er, verður dag frá degi óhæfilegri til að taka examen; - héðan af skaltu því ráða hvað þú gerir fyrir mér. Það dugir ekki þó ég vilji, þegar þú ekki vilt.¹³

Hann skammar Jónas fyrir að ganga á kontór, stássa í Reykjavík og gera sig snotran fyrir stelpunum, hann á að hugsa um stærri hluti og hugsa um það sem geri Íslandi gagn. Tómas potar í hann eins og hann getur, eins og til að espa Jónas og fá hann til að setjast upp og gera eitthvað. Eftir langt mál um seinlætið og stefnuleysið í Jónasi (þó skrifað með góðu í aðra röndina) segir Tómas:

Ég er nú búinn að skrifa þér ógnarlega langt bréf, sem ég held að sé mikið gott, - en það stendur víst ekki á þér fremur en vant er, að launa það eins og vert er. Ég vonast til að þú gefir mér „detallieret Antikritik“ og hún getur orðið nóg til að uppfylla nokkrar síður.¹⁴

Þá fengi Tómas altént langt bréf, ef ekki annað. Tómas hlífir Jónasi aldrei, þekkir hans veiku punkta og þrýstir óspart á þá og virðist líta á það sem sitt hlutverk að stýra Jónasi og hvetja hann til verka svo hann komist áfram. Það er til marks um umburðarlyndi Jónasar að hann lætur þetta ekki eyðileggja vináttuna. Af orðum Tómasar má þó ráða víða hvar að Jónas hefur stundum fengið nóg af stjórnsemi Tómasar í sinn garð. Samkvæmt tilvitnun Tómasar í orð Jónasar í bréfi einu þá hefur hann sagt Tómasi stoltur frá því að honum hafi „sjálfur“ komið til hugar að fara í styttra lögfræðináms eða taka svokallað kúxesamení í Kaupmannahöfn¹⁵ og víða má ráða af bréfum Tómasar að Jónas hafi verið á köflum ergilegur yfir ásökunum um slóðaskap sinn og seinlæti, reynt að verja sig og sakað m.a. Tómas um að hafa ekki skilning á bágum fjárhagsaðstæðum sínum. Það var jú auðveldara fyrir Tómas að tala um að taka áhættu þegar að baki hans stóð efnaður faðir en Jónas stóð nánast einn.

¹³ Sama heimild, bls. 93.

¹⁴ Sama heimild, bls. 81.

¹⁵ Sama heimild, bls. 92.

3. Fjölnisárin

Tómas lauk námi og embættisprófi í guðfræði 17. janúar 1832. Í júní sama ár hélt hann í mikla Evrópureisu sem tók tvö ár, en hann vildi mennta sig meira á annan hátt en gæfist með bókum, hann vildi sjá siðu annarra þjóða og hagi og hvort hann gæti ekki nýtt þá reynslu til gagns fyrir Íslendinga. Það var því bæði fróðleiksfýsn og föðurlandsást sem ráku hann af stað. Löndum hans þótti þessi ferð hans mikil tíðindi enda ekki algengt á þessum tíma að Íslendingar ferðuðust svo langt og víða og eftir að hann kom heim vildu margir heyra ferðasögu hans. Hann dvaldi m.a. í Berlín og víða í Þýskalandi, undi sér þó einna best í Róm, og endaði reisuna í París. Þar veiktist hann illa af brjóstveiki, lá þar um veturinn og átti helst von á dauða sínum. Ekki eru til bréf á milli Tómasar og Jónasar frá þessum tíma en orð Tómasar síðar benda til þess að Jónas hafi skrifað honum hughreystandi bréf þegar hann lá veikur í París og því vinarbragði gleymdi Tómas ekki. Þegar hann sneri aftur til Hafnar 16. maí 1834, veikur að heilsu en ríkur að reynslu, hitti hann þar loksins fyrir vin sinn aftur, en Jónas hafði komið til Hafnar árið áður. Þá voru liðin næstum 7 ár síðan þeir hittust síðast. Eitt sumar eða tæpa þrjá mánuði áttu þeir samleið í Höfn en strax í ágúst sigldi Tómas heim til Íslands, eftir að hafa sótt um og fengið Breiðabólstað, eitt ríkasta og besta brauð landsins.

Þetta sumar í Kaupmannahöfn slóst Tómas í félagsskap þeirra Jónasar, Konráðs Gíslasonar og Brynjólfs Péturssonar um útgáfu tímaritsins *Fjölnis*. Á ýmsu gekk í samstarfinu og það var álag á vináttuna. Kappið í Tómasi, vandvirkni Jónasar og sérviska Konráðs var blanda sem gekk ekki upp. Tómas var líka í erfiðri stöðu, að vera ekki á staðnum heldur heima í fásinninu á Íslandi og „út úr tímanum“ eins og hann orðar það í bréfi árið 1836, hann saknar félagsskapar þeirra og að vera ekki í hringiðunni.¹⁶ „Aldrei hefir mig eins langað til að fundum okkar bæri saman í einhverjum rólegum vinkjallara, heldur en nú.“¹⁷ Á sama tíma vissi hann betur hvaða efni myndi falla landsmönnum í geð. Tómas sendi efni sitt út til þeirra og treysti á að Jónas og Konráð myndu laga til málfarið og efnistökin, einkum virðist hann hafa treyst Jónasi fyrir því, segir t.d. í bréfi til Konráðs árið 1838, að efnið sem hann sendi núna sé „í versta máta af hendi leyst. Þar um ætla ég að skrifa Jónasi betur.“¹⁸ Tómas er að vanda mjög gagnrýnninn og dómharður en hann veit það sjálfur og vill málefnalega gagnrýni á móti. Hinir virðast ekki hafa haft fullan skilning á hversu heilsulaus Tómas var orðinn því þeir hnýta í hann á móti að efnið frá honum sé flauturslega unnið.

Sumarið 1837 er Jónas á Íslandi og fer um Suðurland í vísindaleiðangur. Tómas trúir varla sínum eigin eyrum þegar hann

¹⁶ *Sama heimild*, bls. 170.

¹⁷ *Sama heimild*, bls. 196.

¹⁸ *Sama heimild*, bls. 197.

fréttir af honum í Vestmannaeyjum, vissi ekkert um þessa ferð Jónasar, og heldur af stað og beinlínis nær í hann og fer með hann heim til sín! „... og aldrei held ég, að hann hefði komið hefði ég ekki gagngert sótt hann“ segir Tómas í bréfi til Konráðs.¹⁹ Óvíst er hvers vegna Jónas lét Tómas ekki vita af komu sinni. Ef til vill vildi hann einfaldlega ekki tefja sig á heimsóknum, hann var iðjúsamur þetta sumar, en kannski var hann ekki heldur áfjáður í að hlusta á skammir Tómasar um slóðaskap og leti varðandi útgáfu *Fjölnis*. Þeir virðast samt eiga góðan tíma saman á Breiðabólstað í 3 vikur og í bréfi frá Tómasi þar sem hann minnst þessara vikna, kemur fram að þeir hafa meðal annars rætt um að gefa út „alpýðubók“ með ýmsum stuttum fróðlegum greinum um aðskyld efni, vísindi, dæmisögur, landafræði og fleira.²⁰ Þeir hafa einnig rætt um að eitthvað yrði að gera *Fjölni* „til viðréttu“, bæta efnið og gera eitthvað í málunum.²¹ Því verður Tómas enn vonsviknari veturinn 1838 þegar ekkert virðist ætla að ganga í þá átt og skrifar afar harðort bréf til Jónasar. „Ég sannfærast dag frá degi meir og meir um, hvað ómögulegt það er, að hafa not af ykkur, allra helst á meðan svona er langt á milli okkar.“²² Það endar með því að hann segir sig úr félagi við þá um útgáfu *Fjölnis*. Jónas skrifar þá Tómasi ekki síður harðort bréf, ef marka má hvernig Tómas byrjar bréf sitt frá því 1. febrúar 1839, formálalaust og án ávarpsins „elskulegi Jónas“, eins og hann hóf yfirleitt bréf sín til hans:

Það hefði raunar verið réttast, að ég hefði lagt bréfið þitt núna með póstskipinu í eldinn strax og ég var búinn að lesa af því fyrstu blöðin, svo enginn hefði virt sig til að lesa það, sem koma eftir slíkan formála, nema þú sjálfur, og maklegast var, að ég hefði ekki svarað því einu orði, fyrst þú ekki gæzt fundið í bréfi mínu síðasta nema „ókrístilegt brigzl, foryrði, heimskulegan ónota og einn eður tvo gullhamra. [...] Eg ætla því ekki að eyða við þig mörgum orðum í þetta skifti, þú hefir í bréfi þínu lýst þér eins og stoltum narra og ég tef mig ekki á þess háttar mönnum, þangað til þeir læra að betra sig og vitkast.“²³

Hann undirstrikar þó alltaf í lok bréfa sinna að hann sé samur og jafn og ávallt vinur vina sinna, en það er þó greinilegt að þá báða hefur þrotið þolinmæðina þegar hér er komið. Það er líka vísbending um að andað hafi köldu á milli þeirra á þessum tíma að Jónas er á Íslandi frá sumrinu 1839 og framyfir andlát Tómasar 1841 en ekkert bendir til að þeir hafi hist þann tíma og engin bréf eru til á milli þeirra frá mars 1839 til mars 1840 eða í heilt ár. En þá gerist nokkuð sem breytir stöðunni. Jónas lenti í hrakningum í sumarlok 1839 og veiktist af lungnameini og lá illa haldinn í Reykjavík þá um veturinn. Tómas fréttir af veikindum hans í mars 1840.

¹⁹ *Sama heimild*, bls. 215.

²⁰ *Sama heimild*, bls. 239.

²¹ *Sama heimild*, bls. 239.

²² *Sama heimild*, bls. 244.

²³ *Sama heimild*, bls. 249.

Breiðabólstað 25. marz 1840.
Elskulegi Jónas minn!

Hannes segir mér nú, að þú liggir og sért lengi búinn að vera veikur; þykir mér það slæm saga og gríp því til pennans í einhverju ráðaleysi, þó ég ekki viti hvað ég eigi við hann að gera, því ég kann ekki að skrifa recept; en ég man þó til þess að hinu leytnu, að þú gafst mér margar góðar hugganir, þegar ég hugði sjálfur, að ég ætti ekki rétt langt eftir og er nú því miður, að ég get ekki borgað þér þær í sömu mynt, allra sízt meðan mér er ekki tjáð frá, hvað að þér gengur, eða hvað mikil brögð eru að ófrískleika þínum. Efnið getur þannig að þessu sinni ekki orðið annað en að biðja þig þess lengstra orða, að láta ekkert óreynt, sem stuðlað gæti til að koma þér til heilsu aftur. Ég vil borga alt, sem til þess kostar, að fá þér haganlega aðbúð, þægilega aðhjúkrun, lækni meðul etc., ef þig þrýtur sjálfan, eins og vonlegt er, og þú gefur mjér skýrteini um það, *því ég má með engu móti missa þig*, - allra síst fyrir handvömm; en raunar er mér líka grunur á, að þú sért ekki búinn að ljúka af öllu, sem þú átt að gera hérna enn þá, þó ekki sé ráð nema í tíma sé tekið.²⁴

Hér er rex og pex undanfarinna missera á bak og burt. Þegar á reynir er vináttan djúp og innileg. Farinn að heilsu sjálfur þá er Tómas enn næmari fyrir því hvað ævin er ótrygg og bregður því mjög við fréttirnar um veikindi Jónasar. Þrátt fyrir alla gagnrýnina þá treystir hann alla tíð á Jónas. Tómas finnur æ betur til þess hvað hann getur litlu komið í verk, hvað heilsuleysið hamlar honum og einangrunin heima á Íslandi er honum til mikilla trafala, hvað það er mikilvægt að hafa samherja í hugsjónunum og menn sem vilja gera þjóðinni gagn en skella ekki skollaeyrum við öllu nytsamlegu og fögru. Vináttan við Jónas skiptir Tómas æ meira máli og undir lokin er hann hættur að fjargviðrast yfir stefnuleysi hans og slóðaskap, finnst Jónas vera kominn á rétta braut og setur allt sitt traust á hann. Þá verða endalokin, sem Tómas skynjar að nálgist hjá sér, ekki eins óbærileg. „Ég er ónýtur og kem engu áfram og er sem orðinn allar götur á eftir tímanum...þið skiljið þarfir tímanna ...“ segir hann í bréfi til Fjölnisfélaga.²⁵ Daginn áður en hann lést lagði hann áherslu á að Jónas læsi ræður sínar undir prentun þannig að Jónas er í huga hans fram á síðasta dag.²⁶

4. „Við megum þó aldrei gleyma hvor öðrum”

Þegar Jónas er heima á Íslandi þá skilur hann betur áherslur Tómasar varðandi *Fjölni* og önnur útgáfumál, eins og bréfin eftir dvöl hans á Breiðabólstað sumarið 1837 eru vísbending um, og sýnin á það sem þarf að gera verður óneitanlega önnur en í rólegum vinkjallara í Köben. Jónas kynnist því líka af eigin raun hvað það er erfitt að reyna að hafa

²⁴ *Sama heimild*, bls. 256-257.

²⁵ *Sama heimild*, bls. 267.

²⁶ Páll Valsson: *Jónas Hallgrímsson. Ævisaga*, bls. 282

áhrif á gang mála úr fjarlægð og segir í bréfi hans til Konráðs 4. okt. 1839:

Voruð þið vitlausir, að senda ekki Fjölni núna með Hertu í seinna sinni? Eða var hann ekki búinn og á hverju stóð þá? Við erum orðnir til spotts og aðhláturs fyrir framkvæmdarsemina, eins og maklegt er, og það, sem mér fellur verst, - ég þori ekki að líta upp, þegar ég sé hann gamla Tuma. Eða hverju ætlaðirðu nú að svara honum, ef að þú værir kominn í minn stað?²⁷

Og þegar Tómas er allur, skilur Jónas betur óþreyjuna og kappið í Tómasi og hvað hann fór oft langt fram úr þeim félögum. Í dagbókarbroti hans segir. „[H]ann sá oft í augnabliki, þó hann gæti þá í stað ekki sannað það, margt, sem við jafnaldrar hans erum nú búnir að ná með langsamlegri eftirgrenslun [...]“.²⁸ Í huga hans eru Eggert Ólafsson, sá maður Íslandssögunnar sem Jónas mat mest, og gamli Tumi, að sumu leyti einn og sami maðurinn, sömu eldhugarnir og föðurlandsvinirnir sem börðust gegn þokuöndunum á Íslandi. Missirinn verður því sárari fyrir Jónas.

Jónas var fenginn til að skrifa æviágrip Tómasar fyrir útför hans og orti um hann erfiljóð eins og frægt er. Og Tómas er í huga Jónasar næstu árin (hann yrkir m.a. kvæðið „Tómasarhagi“ á þessu bili en línurnar sem þessi kafli hefst á eru úr því kvæði), og hann virðist hafa ætlað að safna efni til ævisögu hans. Páll Melsted nefnir í bréfi frá 1842 að Jónas sé á ferð eystra og ætli m.a. að safna „datis til æfisögu“ Tómasar.²⁹ Æviágripið er prentað í *Fjölni* vorið 1843 og um haustið, þegar Jónas er staddur í Sórey, Danmörku, sendir hann Jóni Halldórssyni presti á Breiðabólstað beiðni um að segja sér það sem hann getur komist að um ævi Tómasar. Í svari sínu til Jónasar dagsettu í febrúar 1844 segir Jón að hann voni að bréf sitt komi að gagni „er þér farið að rita æfisöguna“.³⁰ Af dagbókarbroti janúar 1844 má ráða að Jónas hafi verið að skoða einhver rit eða skrif Tómasar og í bréfi frá honum til Konráðs og Brynjólfs sama ár segir hann að nú sé allt fram komið sem þyrfti til að skrifa ævisögu Tómasar.³¹ Þetta virðist líka tengjast því að um svipað leyti ætla samherjar í Kaupmannahöfn að efna til samskota um minnisvarða um Tómas en boðsbréf um minnisvarðann, dagsett 31. mars 1844, birtist í *Fjölni*. En ekkert varð úr ritun ævisögu Tómasar frá hendi Jónasar því hann var látinn árinu síðar.

Að þessari harmsögu sagðri er gott að ljúka þessu með því að vitna í klausu úr bréfi Tómasar til Jónasar frá árinu 1828, þegar þeir eru báðir ungir og fagrir, rómantískir í æði, hressir að heilsu, og áhyggjurnar smávægilegar miðað við það sem síðar varð.

²⁷ *Ritverk Jónasar Hallgrímssonar*, II. bindi, bls. 37.

²⁸ „Óprentað eftir Jónas Hallgrímsson“ *Eimreiðin* 18 (1912:2), bls. 100.

²⁹ Páll Valsson: *Jónas Hallgrímsson. Ævisaga*, bls. 359.

³⁰ *Bréf Tómasar Sæmundssonar*, bls. 291.

³¹ *Ritverk Jónasar Hallgrímssonar*, II. bindi, bls. 207.

Nú er ég búinn að rausa nóg, mäske þér til leiðinda, vinur minn, því að ég er hálf melankólskur núna. Við megum þó aldrei gleyma hvor öðrum á meðan við erum í fjarlægðinni og sjáum ekki hvor annan nema í andanum; ef við finnumst ekki fyrri, þá finnumst við þó þegar þessi þungi kroppur er skilinn við okkur, því að þá getum við báðir flogið upp í Júpíter eður Úranus og skulum við þá hafa Geir og Gísla á Brekku með okkur og hina aðra kunningjana. ... Gott eigum við þá, elskan mín!³²

Heimildaskrá

Bréf Tómasar Sæmundssonar. Búið hefir til prentunar Jón Helgason. Gutenberg, Reykjavík, 1907.

Jón Helgason: *Tómas Sæmundsson. Æfiferill hans og æfistarf*. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík 1941.

Jón Helgason: *Tvö bréf frá Jónasi Hallgrímssyni til Tómasar Sæmundssonar*. *Skírnir* 1905; 79, bls. 281-288.

„Óprentað eftir Jónas Hallgrímsson“. *Eimreiðin* 18 (1912:2), bls. 99-101. Kaupmannahöfn.

Páll Valsson: *Jónas Hallgrímsson. Ævisaga*. Mál og menning, Reykjavík 1999.

Grein þessi er að stofni til erindi sem flutt var á málþingi Félags um 18. aldar fræði um Tómas Sæmundsson, sem haldið var 21. apríl 2007.

Steinunn Haraldsdóttir, M.A í íslenskum bókmenntum.

³² *Bréf Tómasar Sæmundssonar*, bls. 50.